

Fimmtudaginn 26. mars 1981.

Nr. 103/1979. **Almennar tryggingar h/f og  
Stefán Thorarensen h/f**  
(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Önnu G. Blöndal**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Öryggisbelti. Skaðabótamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Þór Vilhjálms-son.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. maí 1979. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu og málskostnað- ar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls- kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir stefnda eingöngu kröfur sínar á reglum 3. mgr. 69. gr. og 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 40/1968 er boðið, að í bifreiðum, sem skráðar eru eftir 1. janúar 1969, skuli vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti, af gerð, sem Bifreiða- eftirlit ríkisins viðurkennir. Bifreiðin R 13005 var fyrst skráð hér á landi 19. apríl 1974. Í henni var öryggisbelti. Er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að gerð þess og fyrir- komulag hafi ekki verið í samræmi við reglur Bifreiðaeftir- litsins nr. 327/1968.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins 7. mars 1978 er ör- yggisbeltum í bifreiðinni lýst svo: „Öryggisbeltin í bifreið- inni eru af tegundinni Klippan. Þau eru hengd upp í fest- ingu milli hurðanna, og lafir þá lykkja niður undir gólf, þannig að greinileg hættu er á, að farþegi, sem fer út úr aftur- sæti, lendi með fót í beltinu“.

Af gögnum máls verður ráðið, að öryggisbeltið hægra meg-

in í bifreiðinni hafi ekki verið í notkun í ökuferðinni að heimili stefndu, og verður við það að miða, að það hafi hangið uppi í þeim festingum, sem því voru ætlaðar. Atvik slyssins virðast hafa verið þau, að stefnda hafi krækt hægri fæti í lykkju beltisins, er niður lafði, þegar hún hafði opnað dyr bifreiðarinnar og hugðist fara út úr henni.

Öryggisbelti er búnaður, sem skylt er að hafa í bifreiðum af þeirri gerð, sem hér er um fjallað. Við það verður að miða, að öryggisbeltið í R 13005 hafi verið af venjulegri gerð og svo frá því gengið sem ætlast var til og siður er. Verður ekki séð, að um vanbúnað hafi verið að ræða af hendi eiganda eða ökumanns bifreiðarinnar. Þegar svo stendur á sem hér um ræðir, verður ekki talið, að um fébótaskyldu sé að ræða samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga, og ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefndu.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun ber að staðfesta.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Almennar tryggingar h/f og Stefán Thorarensen h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Önnu G. Blöndal, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., hefur Anna G. Blöndal, Leifsgötu 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. október 1978, á hendur Stefáni Thorarensen h/f, Laugavegi 16, og Almennum tryggingum h/f, Síðumúla 39, báðum í Reykjavík.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 6.000.000 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Stefáni Thorarensen h/f einum eru þær, að sá stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.000.000 í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað að skaðlausu in solidum samkvæmt mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með leyfisbréfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 9. október 1978.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnanda á hendur þeim verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla gagnvart stefnda Stefáni Thorarensen h/f.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

#### *Helstu málavextir eru þessir:*

Stefnandi, sem er snyrtisérfræðingur að ment, starfaði sem slíkur í versluninni Oculus í Austurstræti, Reykjavík, samhliða afgreiðslustörfum. Laugardaginn 10. janúar 1976 hafði stefnandi starfað í versluninni fram undir kl. 1400. Að loknum störfum hugðist hún fara heim til sín í strætisvagni eins og venjulega. Verslunarstjórinn, Svala Thorarensen, bauðst þá til að aka henni heim í fólksbifreiðinni R 13005, sem er fjögurra dyra Volkswagen Passat, eign hins stefnda fyrirtækis Stefáns Thorarensen h/f og ábyrgðartryggð hjá Almennum tryggingum h/f. Stefnandi sat í aftursæti bifreiðarinnar, en með þeim Svölu í bifreiðinni var Erla Hjálmarsdóttir, og sat hún í framsæti.

Er bifreiðin kom að heimili stefnanda að Leifsgötu 30, hugðist hún fara út úr bifreiðinni um hægri afturhurð. Stefnandi var þannig búin til fótanna, að hún var í háum stígvélum, en á þau var komið fyrir mannbroddum úr gúmmíi með áföstum göddum. Stefnandi kveðst hafa setið fyrir miðju í aftursætinu og rennt sér eftir sætinu og ætlað út úr bifreiðinni með fæturna á undan. Hún kveðst muna, að hált hafi verið úti og hafi hún því farið varlega. Þegar hún hafi verið að fara út úr bifreiðinni, hafi hún

skyndilega fallið. Kom stefnandi á bakhlutann niður á gangstéttina, og var hægri fótur hennar fastur í öryggisbeltinu í nokkurri hæð frá jörðu. Þegar stefnandi féll, kveðst hún hafa fundið, að brestur hafi orðið í hægri ökklanum, og hafi sér þá strax orðið ljóst, að hún hefði brotnað. Kvaðst stefnandi viss um, að hún hafi eingöngu fallið út úr bifreiðinni vegna þess, að hægri fótur hennar hafði fest.

Öryggisbelti það, sem hér um ræðir, hangir í festingu á staf milli fram- og afturhurðar. Grétar Sæmundsson lögreglumaður skoðaði beltí þetta nokkru eftir slysið, og var það þá enn óbreytt. Í skýrslu hans um þessa skoðun, dagsettri 7. mars 1978, segir m. a. svo:

„Öryggisbeltin í bifreiðinni eru af tegundinni Klippan. Þau eru hengd upp í festingu milli hurðanna, og lafir þá lykkja niður undir gólf, þannig að greinileg hætta er á, að farþegi, sem fer út úr aftursæti, lendi með fót í beltinu.“

Stefnandi kvaðst ekki hafa tekið neitt eftir öryggisbelti þessu, áður en hún hafi farið út úr bifreiðinni, og taldi sig muna, að hún hefði ekki setið í aftursæti þessarar bifreiðar áður.

Þegar slysið varð, var bifreiðin kyrrstæð, en vél hennar í gangi.

Strax eftir slysið komu þær Svala og Erla Önnu til hjálpar, hagræddu henni inn í aftursæti bifreiðarinnar og óku henni á slyssavarðstofu Borgarspítalans. Þar kom í ljós, að hún var bæði brotin og úr liði um hægri ökkla.

Bæði Erla Hjálmarsdóttir, farþegi í bifreiðinni í umrætt sinn, og Svala Thorarensen, öklmaður hennar, hafa gefið skýrslur um slys þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Eru skýrslur þeirra efnislega á sama veg og rakið hefur verið hér að framan. Í skýrslu Svölu Thorarensen kemur enn fremur fram, að framangreind öryggisbelti hafi hangað uppi í venjulegri festingu, en Erla Hjálmarsdóttir hafi ekki verið með það í notkun. Þótt beltíð sé í venjulegri festingu, þá nái lykkja þess það neðarlega, að hægt sé að krækja fæti í hana, þegar farið er út úr bifreiðinni. Kvaðst Svala vita eitt dæmi þess eftir umrætt slys, að kona hafi flækt fót í beltislykkjunni og næstum því verið fallin, en slys hafi þó eigi hlotist af. Erla Hjálmarsdóttir sagði, að sig minnti, að eftir slysið hafi hún séð öryggisbeltið „liggja í kós á gólfinu fyrir aftan hægra framsætið“.

#### Röksemdir stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að slysið varði eiganda

bifreiðarinnar R 13005 bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem slysið hafi hlotist af bifreiðinni í notkun og stefnandi hafi óbeint verið flutt gegn gjaldi, þar sem henni hafi verið ekið heim úr vinnu. Stefnandi telur það ekki skipta máli, þótt bifreiðin hafi verið kyrrstæð, er slysið varð, enda sé það eðlilegur þáttur í notkun bifreiðar að stöðva hana til þess að hleypa út farþega.

Verði eigi á það fallist, að hin hlutlæga bótaregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga eigi hér við, reisir stefnandi kröfur sínar gagnvart bifreiðareigandanum á 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Í báðum tilvikum vísast um aðild að fébótaábyrgð til 1. mgr. 69. gr. laganna. Gegn hinu stefnda váttryggingarfélagi reisir stefnandi kröfur sínar á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. sömu laga.

Stefnandi telur orsök slyssins hafa verið hættulega staðsetningu öryggisbeltis og frágang þess. Þetta sýni ljósmyndir, er fylgi rannsókninni á orsökum slyssins, ljóslega. Öryggisbeltið hafi hangaði á staf milli hurða í bifreiðinni og verið svo sítt og losaralegt, að það hafi verið sem snara um fætur farþega í aftursætinu, er hann steig út úr bifreiðinni. Hafi eigandi bifreiðarinnar og/eða notandi mátt sjá fyrir hættu þessu samfara, en þess engin von verið, að farþegi í bifreiðinni varaðist þetta. Stefnandi hafi sjálfur ekki einasta galdið þessa, heldur tilgreini bifreiðarstjórinn, Svala Thorarensen, í skýrslu sinni við rannsókn málsins annað sambærilegt dæmi, sem þó hafi eigi hlotist slys af. Öryggisbelti tilheyri öryggisbúnaði bifreiða og lögskilyt sé að hafa slíkan búnað í öllum bifreiðum. Hins vegar hljóti sú krafa að vera gerð til slíks búnaðar, að honum sé þannig fyrir komið og þannig frá honum gengið hverju sinni, að farþegum stafi ekki sérstök hættu af. Ljóst sé, að þeirri kröfu hafi í þessu tilviki ekki verið fullnægt og hljóti eigandi bifreiðar að bera ábyrgð til fébóta á slíku vanbúnaði bifreiðar og slysum, er af honum hlýst. Vísar stefnandi t. d. til 4. gr. umferðarlaga og auk þess komi hér til álitu almennar reglur.

#### *Röksemdir stefndu.*

Stefndu benda á það, að hinni ströngu ábyrgðarreglu 67. gr. umferðarlaganna um hlutlæga ábyrgð eiganda ökutækis verði aðeins beitt í því tilviki, sem hér um ræðir, að fullnægt sé eftirfarandi tveim skilyrðum: Í fyrsta lagi, að tjónið hafi hlotist af

ökutæki í notkun, og í öðru lagi, að hinn slasaði hafi verið fluttur gegn gjaldi.

Stefndu mótmæla því sérstaklega, að bifreiðin hafi verið í notkun í merkingu 67. gr. umferðarlaga, er slysið varð. Eigi að beita ábyrgðarreglu 67. gr. umferðarlaganna, verði að vera orsakasamband milli notkunar ökutækis og þess atferlis, sem hefur skaðabótaskyldu í för með sér. Í þessu tilviki hafi ekkert orsakasamband verið milli slyssins, þ. e. a. s. að stefnandi festir fótinn í öryggisbelti bifreiðarinnar, og hinnar almennu notkunar bifreiðarinnar. Skaðabótaskylda á hendur eiganda bifreiðarinnar verði því ekki byggð á 67. gr. umferðarlaganna.

Enn fremur mótmæla stefndu því, að stefnandi hafi verið flutt gegn gjaldi í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar hafi tekið stefnanda með í bifreiðina og leyft henni að sitja í heim til sín, þar sem það hafi auk þess virst sáralítill krókur fyrir ökumanninn. Þá liggi það enn fremur fyrir í málinu, að stefnandi hafi verið að störfum hjá versluninni Oculus, Austurstræti 7, en ekki hjá stefnda í málinu Stefáni Thorarensen h/f, eiganda bifreiðarinnar. Því sé útilokað, að um nokkurt gjald til þess fyrirtækis geti hafa verið að ræða.

Ef stefnandi vilji hins vegar byggja skaðabótaskylduna á saknæmisreglu 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna, verði hún að sýna fram á saknæmt atferli hjá stefnda eða ökumanni bifreiðarinnar, ef stefndi beri ábyrgð á verkum ökumanns samkvæmt reglum þeim, er gildi um ábyrgð atvinnurekanda á starfsmönnum sínum. Eigandi bifreiðarinnar sé fyrirtækið Stefán Thorarensen h/f, en stefnandi hafi á þessum tíma verið starfsmaður hjá versluninni Oculus h/f, sem sé sjálfstætt hlutafélag, og öku-konan, Svala Thorarensen, sé skráð í stjórn þess félags og verslunarstjóri hjá Oculus h/f. Stefnandi hafi því á þessum tíma eigi verið starfsmaður eiganda bifreiðarinnar. Verði hann því ekki gerður ábyrgur samkvæmt þeim reglum, er gilda um ábyrgð atvinnurekanda á starfsfólki sínu.

Skaðvaldurinn í þessu máli sé eitt af öryggistækjum bifreiðarinnar, sem lögskýlt sé að hafa í öllum bílum samkvæmt 5. gr. umferðarlaganna. Viðkomandi öryggisbelti hafi verið í bifreiðinni, þegar hún var skoðuð síðast fyrir slysið, og engar athugasemdir gerðar varðandi það. Þannig hafi Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennt það sem löglegt, sbr. 5. gr. umferðarlaga, j lið. Því sé það langsótt, ef sakfella eigi ökumenn fyrir að hafa í bifreið sinni þau öryggistæki, sem lög mæli fyrir um. Ekkert hafi heldur

komið fram um það, að öryggisbeltin hafi verið í neinu ólagi, og það sé ekki í neinu samhengi við notkun bifreiðarinnar sem slíkrar að flækja fótinn í öryggisbeltinu.

Þá halda stefndu því einnig fram, að ekki verði annað séð en að óhapp þetta stafi fyrst og fremst af ógætni stefnanda sjálfs. Megi í því sambandi sérstaklega benda á, að hún hafi verið með mannbrodda á skóm sínum. Slíkir mannbroddar geri allar hreyfingar óeðlilegri og stíðari en ella og hafi því ef til vill átt þátt í því, að hún festist í bílbeltinu.

#### *Niðurstaða dómsins.*

Það er eðlilegur og óhjákvæmilegur þáttur í notkun bifreiðar, að farþegar fari inn í bifreið og út úr henni. Bifreið sú, sem hér um ræðir, telst því hafa verið „ökutæki í notkun“ í merkingu 67. gr., 1. mgr., umferðarlaganna nr. 40/1968. Hins vegar á hin hlutlæga bótaregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaganna eigi við í því tilvik, sem hér um ræðir, þar sem stefnandi var farþegi í bifreiðinni, þegar slysið varð, og dómariinn getur ekki fallist á það með stefnanda, að hún hafi verið flutt í bifreiðinni gegn gjaldi.

Kemur þá næst til álita fébótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna. Öryggisbeltin í bifreiðinni voru af tegundinni Klippan. Eins og fyrr var rakið í dóminum, voru þau hengd upp í festingu á staf milli fram- og afturhurðar, og lafir þá lykkja niður undir gólf, svo sem fram kemur í skýrslu Grétars Sæmundssonar lögreglumanns. Í skýrslu Erlu Hjálmarsdóttur, sem var farþegi í bifreiðinni, kemur fram, að hana minnir, að hún hafi séð beltið „liggja í kós á gólfinu fyrir aftan hægra framsætið“ eftir slysið. Svala Thorarensen, ökumaður bifreiðarinnar, hefur borið, að hún vissi dæmi þess, að kona hafi flækt fót í beltislykkjunni eftir framangreint slys og næstum verið fallin.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið í sambandi við margnefnt öryggisbelti bifreiðarinnar, verður að telja, að bún- aður þess hafi verið til þess fallinn að skapa hættu á því, að farþegi, sem fór út úr aftursæti bifreiðarinnar, lenti með fót í beltinu. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. umferðarlaganna, sbr. 3. mgr. sömu greinar, ber eigandi bifreiðarinnar, stefndi Stefán Thorarensen h/f, fébótaábyrgð á þessum vanbúnaði bifreiðarinnar, og skiptir það eigi máli um fébótaábyrgð hans, enda þótt stefnandi eða ökumaður bifreiðarinnar hafi eigi verið starfsmaður stefnda.

Stefáns Thorarensen h/f. Ekki leysir það þennan stefnda heldur undan fébótaábyrgð á slysinu, enda þótt Bifreiðaeftirlit ríkisins hafi ekki gert athugasemd vegna búnaðar öryggisbeltanna, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands, 28. bindi, bls. 102 (Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs).

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til 1. mgr. 69. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar, 3. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga verður stefndu dæmd óskoruð skaðabótaskylda gagnvart stefnanda á framangreindu slysi, enda verður ekki talið, að hún eigi sjálf nokkra sök á því.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

1. Örorkubætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku ..... kr. 9.000.000
2. Miskabætur, þar undir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum ..... kr. 1.000.000

---

Kr. 10.000.000

#### Um 1. kröfulið.

Eins og fyrr var að vikið í dóminum, var stefnandi flutt á slysa-deild Borgarspítalans eftir slysið, þar sem gert var að meiðslum hennar og hún dvaldi til 17. janúar 1976. Stefnandi var síðan lögð inn á Landspítalann í september 1977, og var þar gerð aðgerð á ökkliálið hægri fótar, þannig að liðurinn var gerður stífur.

Í málinu liggja fyrir tvö örorkumöt á stefnanda. Hið fyrra er dagsett 11. júlí 1978, gert af Jóni Guðgeirssyni lækni. Í því segir m. a. svo:

„*Alyktun:* Um er að ræða 61 árs gamla fyrrverandi verslunar-konu, sem brotnaði um hægri ökkliálið fyrir 2½ ári síðan. Gert var að meiðslum hennar á slysa-deild Borgarspítalans, en seinna komu í ljós arthrosu-breytingar í liðnum (slitgigtarbreytingar) með vaxandi verkjum og stirðleika þar. Það var því talin ástæða að gera arthrodesu (liðinn stífan), þar sem slasaða hafði bæði álags- og hvíldarverki í ökklanum. Aðgerðin var gerð á bæklunar-lækningadeild Landspítalans í sept. '77, og greri arthrodesan á venjulegum tíma. Slasaða hefur hins vegar ekki losnað við verkina í ökkliáliðnum og hefur því hlíft hægri ganglim. Hún kvartar nú mjög yfir þreytuverki í vinstri ganglim, hægri hnélið og í mjóbaki, og stafar þetta trúlega af því, að hún hlífir hægri ganglim. Hún staulast áfram við tvo hækjustafi. Afleiðingar slyssins hafa einnig haft áhrif á sálarlíf hennar, sem komið hefur

fram í vaxandi þunglyndi. Anna Guðrún hefur verið alveg óvinnufær, frá því slysið skeði, og litlar líkur á, að veruleg breyting til batnaðar verði úr þessu.

Tímabært þykir því að meta bæði þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér greinir:

Frá slysdegi til 30.6. '78 100%

Eftir það varanlega 30%.“

Ólafur Jónsson læknir hefur einnig metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Örorkumat hans er dagsett 16. ágúst 1978. Í niðurlagi örorkumatsins ályktar læknirinn svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða 61 árs gamla fyrrverandi verslunarkonu og snyrtisérfræðing, er varð fyrir slysi fyrir rúmlega einu og hálfu ári, þannig að hún brotnaði á hægri ökla, en síðan leiddu afleiðingar brotsins til aðgerðar á öklanum, þannig að hann hefur nú verið gerður stífur. Ástand ganglimsins er nú þannig, að konan staulast áfram við tvo hækjustafi, og er ljóst, að slysið og afleiðingar þess hafa haft mjög mikil áhrif á sálarlíf konunnar og leitt mjög til vaxandi þunglyndis, þannig að hún er algerlega óvinnufær og mjög litlar líkur á, að breyting verði á því á næstunni. Konan hefur þegar verið metin meira en 75% öryrki á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, og undirritaður hefur undir höndum örorkumat gert af Jóni Guðgeirssyni lækni frá 11.07.1978, þar sem örorka vegna þessa umrædda slyss er metin 100% til 30.06.1978, en eftir það varanleg 30%.

Undirritaður getur eftir atvikum fallist á niðurstöður Jóns læknis Guðgeirssonar varðandi fótarskaðann, en hins vegar verður að líta svo á, að slysið og afleiðingar þess hafi gjörbreytt högum þessarar konu, þannig að fyrir slysið mun hún hafa haft allt að því fulla starfsgetu miðað við aldur og hæfni, en frá slysdegi verið algerlega óvinnufær og er nú örorkulífeyrisþegi og engar líkur á, að það ástand breytist til batnaðar.

Við aðstæður sem þessar telur undirritaður, að örorkumat verði að verulegu leyti að byggjast á þeirri breytingu, er varð á högum konunnar vegna slyssins, og meta beri örorkuna hærra en töflur geri ráð fyrir. Þessi kona hefur um áratuga skeið unnið meira en hálfu vinnu utan heimilis, en eftir slysið hefur hún ekki verið fær um að sinna sjálfri sér heima við og algerlega slegin út af vinnumarkaði. Undirritaður telur örorku þá, er hlaust af slysinu þ. 10.01.1976 vera hæfilega metna 100% frá slysdegi til 30.06.1978 eftir það varanlega 50%.“

Þar eð svo mikils misræmis gætir í örorkumötum lækna varðandi hina varanlegu örorku, ákvað dómurinn í samráði við lögmenn málsaðilja að kveðja til tvo sérfróða lækna sem meðdómendur. Þannig skipaður yfirheyrði dómurinn stefnanda hinn 24. apríl 1979, og hinir sérfróðu meðdómendur skoðuðu afleiðingar meiðsla hennar í hægri ökkla.

Með hliðsjón af örorkumötunum og framangreindri skoðun hinna sérfróðu meðdómenda ákveður dómurinn varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 40% frá 30. júní 1978.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats Ólafs Jónssonar læknis.

Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 29. september 1978. Tryggingafræðingurinn reiknar út tjónið á tvennan hátt: Í fyrsta lagi samkvæmt framtöldum tekjum stefnanda þrjú árin fyrir slysið. Varðandi þá reikningsaðferð segir tryggingafræðingur svo í útreikningi sínum:

„Laun hennar hafa þessi ár verið til jafnaðar 92,8% af hámarkslaunum afgreiðslufólks í 4. lfl. samnings Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Á þeim grundvelli eru áætlaðar tekjur framvegis og tekjutap af völdum slyssins:

	Áætlaðar tekjur	Tekju- tap
Árið 1976	801.000	539.100
Árið 1977	1.042.400	521.200
Árið 1978	1.589.500	794.700
Síðan árlega	1.777.800	888.900

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 324.800
Vegna varanlegrar örorku	— 4.747.000

Samtals kr. 5.071.800“

Í öðru lagi byggir tryggingafræðingurinn útreikning sinn á því, að tekjur stefnanda hafi verið 100% í 4. launaflokki Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og verður þá samsvarandi niðurstaða og að framan greinir þessi:

„Vegna tímabundinnar örorku	kr. 350.000
Vegna varanlegrar örorku	— 5.115.300

---

Samtals kr. 5.465.300“

Tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að við útreikning höfuðstólsandvirðis séu notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Eigi sé tekið tillit til skatta, hugsanlegra launa í veikindaförföllum eða bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.

Lögmaður stefnanda hefur gert mun hærrí fjárkröfu samkvæmt þessum lið heldur en útreikningar tryggingafræðingsins gefa tilefni til. Í greinargerð lýsir lögmaðurinn því yfir, að þessu valdi óðaverðbólga sú, sem stöðugt geysi, og sú staðreynd, að rekstur máls þessa fyrir dómstólum muni taka nokkurn tíma. Stefndu mótmæla þessum kröfulið sem allt of háum. Benda þeir á, að stefnandi hafi farið langt út fyrir útreiknaðar bætur tryggingafræðingsins. Auk þess mótmæla stefndu örorkuútreikningi tryggingafræðingsins sem allt of háum, þar sem ekkert tillit sé tekið til eingreiðslu og skattfriðinda bóta sem þessara. Þá beri einnig að draga frá bætur, sem stefnandi hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, þ. e. dagpeningar á tímabilinu 7. janúar 1977 til 30. júní 1978, kr. 911.844, svo og laun þau, sem Oculus h/f hafi greitt stefnanda eftir slysið, að fjárhæð kr. 720.901.

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið ber að miða við útreikning tryggingafræðingsins, byggðan á raunverulegum tekjum stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið, og enn fremur við 40% varanlega örorku, svo sem fyrr er að vikið. Þegar þetta er haft í huga svo og lækkunarröksemdir stefndu, er lúta að eingreiðslu bóta þessara og skattfrelsi, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 3.000.000. Frá þeirri fjárhæð ber að draga dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 911.844, svo og laun, er stefnandi fékk greidd frá vinnuveitanda sínum, Oculus h/f, eftir slysið, kr. 720.901.

Eftir standa þá kr. 1.367.255 samkvæmt þessum lið.

## Um 2. kröfulið.

Undir þessum lið gerir stefnandi kröfu til einnar milljón króna

bóta fyrir miska, þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

Af hálfu stefndu er miskabótakröfu þessari mótmælt sem allt of hárrí. Hér sé um áætlunarfjárhæð að ræða, sem dómurinn verði að sjálfsgöðu að meta.

Þegar höfð er í huga sjúkrasaga stefnanda, afleiðingar slyssins svo og hin mikla röskun, er orðið hefur á stöðu og högum stefnanda af völdum slyssins, þykir mega taka þennan kröfuflið til greina að fullu.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndu er in solidum gert að greiða stefnanda kr. 2.367.255 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndu in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 607.400 og rennur í ríkissjóð, þar sem mál þetta er gjafsóknarmál.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 607.400 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 537.000 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hauki Þórðarsyni yfirlækni og Jónasi Hallgrímssyni prófessor.

#### Dómsorð:

Stefndu, Stefán Thorarensen h/f og Almennar tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Önnu G. Blöndal, kr. 2.367.255 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum málskostnað að fjárhæð kr. 607.400, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 607.400 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 537.000 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.